

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1994

Nr. 472

1458

23. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994/1995.

1. gr.

4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal kjöt af dilkum og fullorönu fé hafa sama vægi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 473

24. ágúst 1994

REGLUGERÐ

um miðlun váttrygginga.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með váttryggingamiðlara er átt við einstakling sem starfar á faglegum grundvelli og í atvinnuskyni við að koma á váttryggingasamningum í frumtryggingum milli váttryggingataka og váttryggingafélaga, hefur frelsi um val á váttryggingafélagi, hefur engin önnur fjárhagsleg tengsl við váttryggingafélag sem miðlað er til en þau sem tengjast þeim váttryggingasamningum sem komið er á, þar með talin tengsl vegna eignaraðildar eða annarra hagsmuna. Í starfsemi felst að undirbúa samninga um váttryggingu, og þar sem það á við, aðstoða við framkvæmd á slíkum samningum, einnig þegar krafa um váttryggingabætur er sett fram.

2. gr.

Sá einn má nota heitið váttryggingamiðlari hér á landi sem fengið hefur starfsleyfi og skráður hefur verið í váttryggingamiðlarskrá.

Starfsemi lögaðila sem rekur váttryggingamiðlun hér á landi er háð starfsleyfi og skal